

# STARFSREGLUR STARFSKJARANEFNDAR KALDALÓNS HF.

## 1. Almennt

- 1.1 Starfskjaranefnd Kaldalóns hf. („félagið“) er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki í tengslum við starfskjör hjá félaginu og hafa umsjón með innleiðingu á starfskjarastefnu félagsins.
- 1.2 Starfskjaranefndin starfar samkvæmt íslenskum lögum og reglum og í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

## 2. Nefndarmenn og skipun þeirra

- 2.1 Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar félagsins. Stjórn félagsins gegnir hlutverki starfskjaranefndar og skal formaður stjórnar vera formaður starfskjaranefndar. Stjórn er heimilt að skipa sérstaka undirnefnd sem skal samanstanda af að minnsta kosti tveimur einstaklingum.
- 2.2 Meirihluti starfskjaranefndar skal ávallt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Samanstandi nefndin af tveimur einstaklingum skulu báðir einstaklingar vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess.
- 2.3 Nýir nefndarmenn skulu fá fullnægjandi leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

## 3. Heimildir og aðgengi að gögnum

- 3.1 Starfskjaranefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum.
- 3.2 Starfskjaranefnd er heimilt að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum. Skulu ráðgjafar vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Nefndin skal ganga úr skugga um óhæði slíkra ráðgjafa.

## 4. Hlutverk og helstu verkefni starfskjaranefndar

- 4.1 Meginhlutverk starfskjaranefndar er að móta, útbúa og endurskoða árlega starfskjarastefnu félagsins, í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sem lögð skal fyrir stjórn félagsins og aðalfund til samþykktar.
- 4.2 Starfskjaranefnd hefur eftirlit með eftirfylgni við starfskjarastefnu og því að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins og í samræmi við markmið félagsins, lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni. Starfskjaranefnd skal árlega fyrir aðalfund leggja fyrir stjórn skýrslu um framkvæmd áður samþykktar starfskjarastefnu.
- 4.3 Starfskjaranefnd skal vera stjórn félagsins til ráðgjafar um laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra og daglegra stjórnenda. Við mótun tillagna um starfskjör skal horfa til upplýsinga um starfskjör hjá félögum sem starfa á hliðstæðum mörkuðum, m.a. með tilliti til ábyrgðar og árangurs viðkomandi starfsmanna sem og þess álags sem hvílir á starfsmönnum. Öll frávik frá starfskjarastefnu skulu lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar og skal rökstuðningur fyrir frávikum skráður í fundargerð stjórnarfundar.

- 4.4 Starfskjaranefnd skal taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustjórnun félagsins, í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.
- 4.5 Starfskjaranefnd skal halda fundargerðarbók með samantekt funda og árlegum skýrslum, sbr. grein 4.2 að ofan og 4.6 að neðan og skulu fundargerðir nefndarinnar vera aðgengilegar stjórn.
- 4.6 Starfskjaranefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og bóka um það í fundargerð og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.

## 5. Starfshættir

- 5.1 Formaður starfskjaranefndar skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna eftir þörfum.
- 5.2 Starfskjaranefnd er ákvörðunarþær þegar meiri hluti nefndarmanna sækir fund. Samþykki einfalds meiri hluta nefndarmanna er krafist svo ákvörðun teljist gild. Falli atkvæði jöfn á fundi nefndarinnar fer formaður hennar með oddaatkvæði.
- 5.3 Nefndarmenn skulu að öllu jöfnu fá fundargögn að minnsta kosti tveimur dögum fyrir fundi.
- 5.4 Að öðru leyti skal fara um starfshætti starfskjaranefndar eftir starfsreglum stjórnar félagsins.

## 6. Annað

- 6.1 Auk þeirra verkefna sem sérstaklega eru talin upp í reglum þessum getur stjórn félagsins falið starfskjaranefnd að skoða önnur tengd málefni. Stjórnendur félagsins geta óskað eftir aðstoð starfskjaranefndar við úrlausn sérstakra málefna er varða félagið.
- 6.2 Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

**Þannig samþykkt á stjórnarfundum Kaldalóns hf. þann 31. október 2022**